

Með mál, er rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum um forðagæslu 10. nóv. 1913, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 24. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Samþykt

um girðing í fremri hluta Hvitársíðuhrepps (Króknum).

Sýslunefndin í Mýrasýslu hefir samkvæmt girðingalögum 22. nóvbr. 1913 gert eftirfarandi samþykt um girðing í fremri hluta Hvitársíðuhrepps (Króknum).

1. gr.

Í Hvitársíðuhreppi skal vera gaddavirsgirðing frá Hólmavatni suðaustur til Norðlingafljóts fyrir neðan (vestan) Kleppa, á merkjum milli Þorvaldsstaðalands og Fljótstungu að vestan, og afrjettarlands Hálsahrepps og Reykdælinga að austan.

2. gr.

Girðingin skal vera með þeirri gerð, sem ákveðin er í gildandi lögum og reglugjörð um gaddavirsgirðingar.

3. gr.

93

26. júlí

Girðing þessi er gerð til nota fyrir ábúendur á jörðunum Kolsstöðum, Hallkelsstöðum, Þorvaldsstöðum og Fljótstungu í Hvítársíðuhreppi. Þeir kosta að öllu leyti lagning hennar og viðhald, þannig að $\frac{1}{4}$ (fjórðungur) lagningarkostnaðarins kemur á hverja fyrir sig fyrnefndra jarða, en $\frac{2}{3}$ viðhaldskostnaðarins á Þorvaldsstaði og Fljótstungu, jafnt á hvora ($\frac{1}{3}$ á hvora), en $\frac{1}{3}$ á Kolsstaði og Hallkelsstaði ($\frac{1}{3}$ á hvora). Nú verða tveir eða fleiri ábúendur á einhverri jörðinni, og skiftist sá hluti árskostnaðar, er á þá jörð fellur, milli ábúenda hennar að rjettri tiltölu við hluta þeirra af jörðinni.

4. gr.

Girðingarfelagar, þ. e. allir ábúendur á girðingarsvæðinu, áður nefndum fjórum jörðum, skulu halda aðalfund í aprilmánuði ár hvert. Á þeim fundi kjósa þeir þrjá menn í stjórnarnefnd, til þess að jafna kostnaðinum niður og hafa eftirlit með girðingunni, að henni sje vel haldið við, svo að hún sje jafnan í gildu standi. Kosningin gildir um 1 ár. Nefndin kys sjer formann. Stjórnarnefndin annast um nauðsynlega viðgerð á girðingunni og niðurrjöfnun kostnaðarins, eins og þegar er sagt. Hún annast einnig um innheimtu gjaldsins og annað nauðsynlegt, er hjer að lýtur.

Reikningsskil leggur nefndin fram á aðalfundi til úrskurðar.

Samþykkt þessi er hjer með staðfest til að öðlast þegar gildi, og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 26. júlí 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.